



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2025
MSS25090087

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um um að falla frá bílastæðasektum á messutíma

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. október 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 21. liður fundargerðar borgarráðs, dags. 18. september 2025.

Borgarráð samþykkir að beina því til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur að sekta ekki ökumenn á gjaldskyldum bílastæðum hjá kirkjum á messutíma. Fólk er misjafnlega gott til gangs og margir messugestir búa utan sóknamarka og ferðast því langar leiðir til að sækja messu auk þess sem messusókn getur verið skylda t.d. meðal kaþólskra.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.dags. 1. október 2025.

Umsögn:


Tilgangur gjaldskyldu er m.a. stýring á nýtingu bílastæða, með það að markmiði að á sama tíma og að bílastæði séu vel nýtt séu einnig laus stæði fyrir þá sem á þeim þurfa að halda og eiga erindi á svæðið, kirkjugesti sem aðra. Gjaldskyldan er þannig notuð til þess að stuðla að því að bílastæði séu laus fyrir þá sem þurfa á þeim að halda, eins og kirkjugesti, en ekki sem eiginleg greiðsla fyrir það að leggja í stæði.

Ef gjaldskyldu yrði aflétt af bifreiðastæðum á svæðum nærri kirkjum á messutíma eða það gefið út að ekki sé eftirlit á þeim tíma, er ljóst að það myndi leiða til þess að erfiðara yrði fyrir kirkjugesti að finna laus stæði nærri viðkomandi kirkju og gangur að kirkju þar með verða lengri en ella.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Skrifstofa samgangna- og borgarhönnunar

Hjálagt: Kirkjur innan eða við gjaldskyld svæði Reykjavíkurborgar (merkt með fjólubláum punkti), gjaldskrá bílastæðasjóðs og gjaldtími.



P1

- 630 krónur á klukkustund.
- 9–21 virka daga og 10–21 laugardaga og sunnudaga
- Hámarkstími er 3 klst.

P2

- 230 krónur á klukkustund.
- 9–21 virka daga og 10–21 laugardaga og sunnudaga

P3

- 230 krónur á klukkustund fyrstu tvær klukkustundirnar. Eftir það 70 krónur.
- 9–18 virka daga

P4

- 230 krónur á klukkustund.
- 8–16 virka daga.

Ekki er gjaldskylda á eftirfarandi dögum:

nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar í hvítasunnu, 17. júní, frídagur verslunarmanna, jóladagur, annar í jólum.



Reykjavík